



Fréttatilkynning

16 September 2024 17:05:00 GMT

Arion banki hf: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 25. júlí 2024 um framkvæmd endurkaupaáætlunar og 30. ágúst um stækkun endurkaupaáætlunar. Í 37. viku 2024 keypti Arion banki eigin hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og sænsk heimildarskírteini (SDR) á Nasdaq í Stokkhólmi. Sjá frekari upplýsingar hér að neðan.

Endurkaup á hlutum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í umrædd skipti voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr.)	Hlutir í eigu Arion
9.9.2024	09:31:49	1.000.000	143	143.000.000	94.180.571
9.9.2024	10:59:55	55.000	143	7.865.000	94.235.571
9.9.2024	11:00:38	500.000	143	71.500.000	94.735.571
9.9.2024	11:03:46	45.000	143	6.435.000	94.780.571
10.9.2024	10:02:16	1.000.000	141,25	141.250.000	95.780.571
10.9.2024	12:15:31	100.000	139,5	13.950.000	95.880.571
11.9.2024	10:41:10	500.000	140	70.000.000	96.380.571
11.9.2024	14:38:52	100.000	138,5	13.850.000	96.480.571
		3.300.000		467.850.000	96.480.571

Arion banki hf.

Borgartúni 19, 105 Reykjavík — 444 7000 — arionbank.is — [f](#) /arionbanki



Endurkaup á heimildarskírteinum á Nasdaq í Stokkhólmi voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keypt SDR	Viðskiptaverð	Kaupverð (SEK)	SDR í eigu Arion
13.9.2024	14:05:50	900	10,25	9.225	3.094.309
13.9.2024	14:23:15	877	10,25	8.989	3.095.186
13.9.2024	14:23:40	877	10,25	8.989	3.096.063
13.9.2024	15:24:45	29	10,25	297	3.096.092
		2.683		27.501	3.096.092

Arion banki átti fyrir viðskiptin í viku 37 samtals 96.273.980 eigin hluti og heimildarskírteini og á bankinn í lok viku 37 samtals 99.576.663 eigin hluti og heimildarskírteini. Samtals á bankinn nú sem nemur 6,58% af útgefnum hlutum í félaginu. Frá því að endurkaupaáætlun hófst hefur bankinn keypt samtals 26.960.000 hluti og 15.120 heimildarskírteini í tengslum við áætlunina.

Heimilt er að kaupa allt að 384.000 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,0254% af útgefnum hlutum og allt að 31.321.362 hluti á Íslandi, eða sem svara til 2,0696% af útgefnum hlutum bankans (samtals um 2,0949% af útgefnum hlutum). Fjárhæð endurkaupanna skal ekki nema hærri fjárhæð en sem svara til 50.000.000 kr. í Svíþjóð og 3.888.816.794 kr. á Íslandi (samtals 3.938.816.794 króna). Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur þegar framangreindu er náð eða í síðasta lagi 12. mars 2025. Arion banki hf. hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á tímabilinu.

Endurkaupaáætlunin er framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, eins og við á, þar með talin Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik („MAR“) og ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem og íslensk lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk reglna nr. 320/2022 um sama efni. Viðskipti með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina eru birt opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur í Svíþjóð og á Íslandi, eins og við á.

**Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760,
eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s.
856 7171

Viðhengi

[Arion banki hf: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)